



Sjúkraliðafélag Íslands Vestmannaeyjadeild

Aðalfundur Vestmannaeyjardeildar Sjúkraliðafélags Íslands 2017-2018



Mynd Áslaug Steinunn Kjartansdóttir

Aðalfundur Vestmannaeyjardeildar Sjúkraliðafélags Íslands var haldinn föstudaginn 2. nóvember 2018 í Líknarsalnum. Formaður setti fundinn og bauð alla velkomna, fundarstjóri var kosin Sonja Ruiz Martinez. Úr stjórn gengu Sonja Ruiz Martinez og Sigríður Guðbrandsdóttir og þökkum við þeim fyrir vel unnin störf, nýjar í stjórn eru Andrea Guðjóns Jónasdóttir og Fjóla Sif Ríkharðsdóttir en aðrar gáfu kost á sér til áframhaldandi setu. Boðið var upp á veitingar frá Gott. Og Hildur Sólveig Sigurðardóttir sjúkraþjálfari kom til okkar á fundinn og hélt erindi um líkamsstöðu sem var bæði áhugavert og skemmtilegt.

Formaður fór yfir starf deildarinnar á síðast starfsári.

Aðalfundur Vestmannaeyjardeildar SLFÍ var haldinn í Líknarsalnum föstudaginn 27. október 2017 og var nokkuð góð mæting. Boðið var upp á smárétti frá Einsa kalda.

Á Evrópudaginn buðu sjúkraliðar á Hraunbúðum vistmönnum og samstarfsfólki til kaffisamsætis og sjúkraliðar á HSU buðu sínum skjólstæðingum og samstarfsfólki einnig til kaffisamsætis í tilefnis Evrópudagsins.

2. febrúar var slegið til veislu í tilefni 40 ára afmæli Vestmannaeyjardeildarinnar og tóku þær Ingibjörg Þórhalls, Hafdís Sig, Hjördís Kristins og Vilborg Stefáns það að sér að skipuleggja viðburðinn sem haldinn var í Golfskálanum. Birna Ólafsdóttir kom fyrir hönd Sjúkraliðafélagsins til að fagna þessum tímamótum með okkur, mikið var um skemmtilegar ræður sem komu úr öllum áttum og gaman var að heyra hvernig aðdragandi deildarinnar var og áttum við virkilega skemmtilega kvöldstund saman. Við erum þakklát öllum sem glöddust með okkur á þessum tímamótum.

10. mars var súpufundur haldinn á Hraunbúðum, Sandra Bryndísardóttir Franks kom í heimsókn til okkar og kynnti sig sem formannsefni SLFÍ. Birkir hennar Sonju eldaði þessa líka góðu súpu að fundi loknum fórum við og skoðuðum nýju álmuna á Hraunbúðum og fannst okkur að vel hafi tekist til með þessa deild en eins og aðrar breytingar þarf tíma til að slípa til nýjar vinnuskipan.

26. maí var haldinn brunch fundur og var ágætis mæting á þann fund en gestir fundarins voru flestir með hugann við sveitastjórnarkosningar sem fóru fram þennan sama dag.

23. ágúst komu hingað 60 sjúkraliðar af fastalandinu í dagsferð Snorri hennar Þyríar fór með þeim og sagði þeim allan “sannleikann” um eyjuna fögru og fór hann með þau víðsvegar um eyjuna einnig fóru þau að skoða HSU og enduðu daginn á Einsa Kalda og komu tveir úr okkar hópi til að borða með þeim.

Brunch fundur var haldinn laugardaginn 6. október í fundarsal á HSU og var ágætismæting á fundinn.

Ekki var skipulagt að fara í lundinn okkar þetta árið og finnst mér það miður ef við

reynum ekki að halda þessum lundi við.

Formaður hefur haldið fundi með trúnaðarmönnum bæði á Hraunbúðum og HSU og hefur ýmislegt gengið á hjá okkur á þessu starfsári en vonandi er öldum að lægja og starfsánægja að aukast eftir erfitt starfsár.

Formaður hefur farið á fjóra félagstjórnafundi, fulltrúaráðsþing og trúnaðarmannaráðsfund hjá félaginu einnig var EPN ráðstefna í Færeyjum BSRB þing í Reykjavík og félagstjórn og orlofsnefnd fóru til Akureyrar í nýju bústaðina.

Glæsilegt kveðjuhóf var haldið fyrir Kristínu Guðmundsdóttur.

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir Formaður

Stjórn og nefndir

Stjórn 2018 - 2019

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir Formaður
Andrea Guðjóns Jónasdóttir Varaformaður
Ragnheiður Lind Geirsdóttir Gjaldkeri
Dagmar Skúladóttir Ritari
Fjóla Sif Ríkharðsdóttir Meðstjórnandi.

Trúnaðarmenn:

Anna Guðný Laxdal Magnúsdóttir HSU
Alfa Markan Elfarsdóttir vara HSU
Sonja Ruiz Martinez Hraunbúðir
Sigurleif Guðfinnsdóttir vara Hraunbúðir

Skoðunarmenn reikninga:

Erna Þórsdóttir
Sigríður Gísladóttir

Fræðslunefnd:

Erna Þórsdóttir
Kristín Sjöfn Ómarsdóttir

Kjaramálanefnd:

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir

Jólaskemmtinefnd:
Starfsfólk á sjúkradeild HSU

Uppstillingarnefnd:
Sonja Ruiz Martinez
Berglind Sigvarðsdóttir

Ferðanefnd:
Guðrún Eydís Eyjólfsdóttir
Anna Guðný Magnúsdóttir
Berglind Sigvarðsdóttir